Nd. **279. Frumvarp til laga** [118. mál]

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson.

1. gr.

5. liður 3. greinar orðist svo:

Hefur meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnu, enda beri veitingastaðurinn eða gistihúsið íslenzkt nafn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samtímis frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, og vísast til greinargerðar fyrir því frumvarpi.